

**Ed.**

**219. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 5, 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Flutningsmaður Magnús Torfason.

Aftan við 3. gr. laga nr. 5, 1. febrúar 1917, bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Engar vörur, aðrar en nauðsynjavörur, má flytja til landsins nema með leyfi landsstjórnarinnar, og getur hún með reglugerð bannað innflutning á vörutegundum, sem að hennar dómi eru ónauðsynlegar.

#### Greinargerð.

Eftir því, sem þrengra verður um skipakost og erfiðara að birgja landið að nauðsynjavörum, rekur nauður til að nota farmrúm skipanna sem best. Til þess, að þetta geti orðið, þarf frekari lagaheimild en felst í lögum þeim, sem enn hafa verið samþykkt um ófriðarráðstafanir, og því er frv. þetta fram komið. Eftirlit samkvæmt lögum þessum ákveður stjórnarráðið með reglugerð.